

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

UMSÖGN um þskj. 730 — 476. mál.

Reykjavík, 26. apríl 2012

Siðfræðistofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ætlað samþykki við líffæragjafir í stað ætlaðrar neitunar eins og nú tíðkast við líffæragjafir úr látnum einstaklingum. Siðfræðistofnun bendir á að um erfitt siðferðilegt álitamál er að ræða og sterk siðferðileg rök styðja hvora leiðina sem farin er í þessum efnum. Ekki er mælt með því að vikið verði frá þeirri reglu að óska eftir samþykki aðstandenda fyrir líffæragjöf ef því verður við komið. Siðfræðistofnun leggur þó áherslu á að verði ákveðið að breyta núverandi fyrirkomulagi skipti miklu máli hvernig sú leið er útfærð bæði í lögum og verklagi á heilbrigðisstofnunum, einkum að því sem snýr að aðkomu aðstandenda að ákvörðuninni.

Siðfræðistofnun óskar því eftir að fá að fylgjast með þróun málsins og hefur í hyggju að standa fyrir málþingi um efnið næsta haust.

Virðingarfyllst,


Salvör Nordal, forstöðumaður